

Fundargerð - stjórnarfundur nr. 344

344. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 14. apríl 2023 kl. 13.00 – 14.30 á skrifstofu Úrvinnslusjóðs, Suðurlandsbraut 24.

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Plastskýrsla
3. Kynninga- og fræðslumál
4. Reglur Úrvinnslusjóðs um meðferð styrkumsókna
5. Styrkumsókn
6. Til kynningar:
 - a) Fyrirkomulag við úrvinnslu ökutækja, m.a. erindi Furu, sjá minnisblað á stjórnargátt
 - b) Raftækjapön Umhverfisstofnunar, hugsanlegt samstarf
7. Úrtakskannanir vegna sérstakrar söfnunar
8. Fyrirkomulag við söfnun á víðavangi
9. Endurgjald vegna olíu, endurnýjun sammings og aðilaskipti
10. Umsókn ráðstöfunaraðila vegna glerumbúða
11. Önnur mál

Fundinn sátu:**Stjórn:**

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Líf Magneudóttir (LM)

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Margrét Kjartansdóttir (MK), fundarritari.

Aðrir:

Gunnar Bragason, ráðgjafi

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Fundargerð 343. stjórnarfundar Úrvinnslusjóðs frá 29. mars var samþykkt.
- Umsögn um plastskýrslu var samþykkt.
- Fjárhagsáætlun vegna kynninga- og fræðslumála var samþykkt.
- Reglur Úrvinnslusjóðs um meðferð styrkumsókna voru samþykktar.
- Styrkumsókn Republic var samþykkt.
- Samþykkt að taka þátt í raftækjaponi UST.
- Samþykkt að fela starfshópi um sérstaka söfnun að kanna aðferðafræði sem beitt hefur verið við sambærilegar úrtakskannir erlendis, greina með hvaða hætti hún vikur frá þeirri aðferðafræði sem úrtakskönnun starfshóps byggir á og ef hægt er að leggja mat á áhrif frávika. Að lokum er starfshópi falið að skoða hvort mögulegt sé að innleiða einhverja þætti hinnar erlendu aðferðafræði án verulegrar fyrirhafnar.
- Samþykkt endurgjald vegna söfnunar á víðavangi ISK 262 kr./kg. af því efni sem greiðsluskylda Úrvinnslusjóðs nær til. Ekki verður krafist vigtunar sérstaklega á efni sem ber úrvinnslugjald og er greiðsluskylt heldur verður við greiðslu gert ráð fyrir að hlutfall þessa efnis sé um 5% af öllu efni sem safnast í slíkri söfnun.
- Samþykkt að endurgjald vegna olíu verði ISK 29,61 kr./kg og að gjald vegna flutningsjöfnunar verði ISK 49,06 kr./kg.
- Umsókn ráðstöfunaraðilans Reiling Glasrecycling GmbH & Co var samþykkt.

Verkefni:

- Samstarfshópi vegna sérstakrar söfnunar var falið að kanna aðferðafræði sem beitt hefur verið við úrtakskannanir erlendis, greina með hvaða hætti hún vikur frá þeirri aðferðafræði sem úrtakskönnun stýrihóps byggir á og ef hægt er að leggja mat á áhrif frávika. Að lokum er starfshópi falið að skoða hvort mögulegt sé að innleiða einhverja þætti hinnar erlendu aðferðafræði án verulegrar fyrirhafnar.
- Úrvinnslusjóði er falið að hefja strax undirbúning vegna endurnýjunar samnings við ráðstöfunaraðila vegna olíu.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð stjórnarfundar 343 frá 29. mars sl. var lögð fram til samþykktar.
Fundargerð var samþykkt.

2. Plastskýrsla

Lögð voru fyrir stjórn uppfærð drög að svari við erindi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis þar sem leitað var umsagnar Úrvinnslusjóðs á skýrslunni „Athugun á möguleikum til álagningar úrvinnslugjalds á fleiri plastvörur“ og óskað eftir tillögum um álagningu úrvinnslugjalds á einstaka flokka plastvara. Svarbréf hafði verið uppfært í samræmi við athugasemdir er komu fram á síðasta fundi.

Svarbréf var samþykkt.

3. Kynninga- og fræðslumál

Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun vegna kynninga- og fræðslumála. Stærsti kostnaðarliður er vegna nýs lögboðins hlutverks Úrvinnslusjóðs um kynningu og fræðslu tengdri notkun og úrvinnslu tiltekins einnota plasts. Rætt var hvort sjóðurinn ætti sjálfur að annast kynningu og fræðslu eða hvort hann ætti að styrkja aðra til þess. Úrvinnslusjóður telur skýrt að lögum samkvæmt beri sjóðurinn ábyrgð á framkvæmd kynninga og fræðslu vegna tiltekins flokks úrgangs, ekki sé neitt sem komi í veg fyrir að öðrum sé falin framkvæmdin. Heppilegra þyki þá með hliðsjón af því að sjóðnum er falin ábyrgð að hann, allavega í upphafi, annist framkvæmd. Einnig þyki rétt að gera hóflega áætlun. Komi síðar í ljós að málaflokkur sé fjárfrekari muni fjárhagsáætlun næsta árs endurspeglja það.

Fjárhagsáætlun var samþykkt

4. Reglur Úrvinnslusjóðs um meðhöndlun styrkbeiðna

Lögð voru fram uppfærð drög að verklagsreglum Úrvinnslusjóðs um meðhöndlun styrkumsókna. Reglur voru samþykktar.

5. Styrkbeiðni Republic:

Lögð var fyrir fundinn styrktarbeiðni Republic vegna gerðar sjónvarpsþáttar um hringrásarhagkerfið og drög að samkomulagi við Republic.

Samþykkt var að styrkja Republic til gerðar sjónvarpsþáttar um hringrásarhagkerfið að uppfylltum þeim skilyrðum sem tiltekin eru í samkomulagi.

6. Til kynningar:

- a) Fyrirkomulag við úrvinnslu ökutækja, m.a. erindi Furu.

Dagskrárlið var frestað til næsta fundar.

- b) Raftækjapön Umhverfisstofnunar, hugsanlegt samstarf.

Umhverfisstofnun stendur fyrir svokölluðu raftækjapöni næsta haust, um er að ræða hugmyndasmiðju sambærilega þeim sem haldnar hafa verið vegna plast og textíls. Leitað hefur verið eftir samstarfi Úrvinnslusjóðs. Framtakið fellur að stefnu og áherslum Úrvinnslusjóðs í kynninga- og fræðslumálum, enda er raftækjaúrgangur forgangsflokkur árin 2022 og 2023 skv. stefnu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis í úrgangsmálum.

Samþykkt að Úrvinnslusjóður verði samstarfsaðili við raftækjapön Umhverfisstofnunar.

7. Úrtakskannanir vegna sérstakrar söfnunar

Gunnar Bragason ráðgjafi fór yfir tillögu um framkvæmda-, og kostnaðaráætlun vegna úrtakskannana sem grundvöll að ákvörðunum um greiðslu til sveitarfélaga fyrir sérstaka söfnun. Gert er ráð fyrir að tekin verði úrtök úr heimilistunnum fyrir pappa, pappír og plast sem og grenndargámum. Lagt var til að byrjað verði að framkvæma kannanir á höfuðborgarsvæðinu enda flesta úrgangshafa að finna þar. Samhliða því eru tekin úrtök í einstaka bæjarfélögum víða um land. Áætlun gerir ráð fyrir að könnun hefjist sem fyrst og geti verið lokið snemmsumars, enda nálgast hratt það tímamark þar sem búið verður að innleiða sérstaka söfnun í öllum sveitarfélögum. EM spurði m.a. í ljósi þess um hve mikla hagsmuni er að ræða hvort mögulegt væri að styðjast við aðferðarfræði kannana í nágrannalöndum. Lýsti hún ákveðnum áhyggjum yfir því ef könnun sú

sem farið er í nú styðjist ekki við viðurkennda aðferðafræði og yrði því mögulega ekki samanburðarhæf við erlendar kannanir. Gunnar svaraði því til að ekki sé hægt að ganga út frá því að sömu niðurstöður fengjust hér og erlendis og því heppilegra að taka úrtak hér. Ekki hafi verið sérstaklega skoðuð aðferðafræði sem beitt er annars staðar enda eitt af markmiðum að halda kostnaði við könnun í lágmarki og að halda tímamörk. Fram komu sjónarmið um að einhvers staðar þurfi að byrja og að gert sé ráð fyrir að kannanir verði framkvæmdar reglulega eftir að sérstök söfnun hefjist.

Samþykkt var að fela starfshópi um sérstaka söfnun að kanna aðferðafræði sem beitt hefur verið við sambærilegar úrtakskannir erlendis, greina með hvaða hætti hún vikur frá þeirri aðferðafræði sem úrtakskönnun starfshóps byggir á og ef hægt er að leggja mat á áhrif frávika. Að lokum er starfshópi falið að skoða hvort mögulegt sé að innleiða einhverja þætti hinnar erlendu aðferðafræði án verulegrar fyrirhafnar.

8. Fyrirkomulag við söfnun á víðavangi

Gunnar Bragason fór yfir minnisblað varðandi fyrirkomulag um söfnun á víðavangi þar sem gerð er tillaga um greiðslu vegna söfnunar. Einnig var fjallað um könnun Sorpu á innihaldi ruslabiða. Í minnisblaði er gert ráð fyrir að hlutfall þess einnota plasts sem greiðsluskylda Úrvinnslusjóðs nær til sé á bilinu 5 – 12% af heildarúrgangi í víðavangssöfnun. Í minnisblaði er gerð tillaga um að greitt verði fast gjald vegna söfnunar þannig að ekki þurfi að greina nákvæmlega þyngd þess úrgangs sem greiðsluskylda nær til heldur verði gengið út frá því að það sé í tilteknu hlutfalli af heildarsöfnun. Lagt var til að Úrvinnslusjóður greiði ISK 262 kr./kg. af greiðsluskylduefni sem ber úrvinnslugjald og gengið verði út frá því að hlutfall þess efnis sé 5% af því sem safnast, miðað við þyngd. Rétt er að benda á að skilagjaldsskyldar umbúðir falla ekki hér undir. Sveitarfélögum verður greitt fyrir söfnun á víðavangi í gegnum kerfi Úrvinnslusjóðs.

Samþykkt að greiða ISK 262 kr./kg. af því efni sem greiðsluskylda Úrvinnslusjóðs nær til og safnast í söfnun á víðavangi. Við greiðslu verði gert ráð fyrir að hlutfall þessa efnis sé um 5% af öllu efni sem safnast í slíkri söfnun.

9. Endurgjald vegna olíu, endurskoðun samnings og aðilaskipti.

Lagt var til að endurgjald verði ISK 29,61 kr./kg og að gjald vegna flutningsjöfnunar verði ISK 49,06 kr./kg. Sagt er frá því að samningur væri að renna út í haust. Einnig var sagt frá endurskipulagningu samningsaðila sem varð til þess að dótturfélag upphaflegs viðsemjanda tók við réttindum og skyldum. Slíkt er heimilt samkvæmt samningi en engu að síður hafi verið undirritaður viðauki vegna aðilaskipta. Stjórnarmenn óska eftir því með hliðsjón af því að mjög líklega þurfi samningsaðilar að klára sjálfsmat samkvæmt 15. gr. Samkeppnislaga nr. 44/2005 og því mikilvægt að undirbúningur hefjist sem fyrst svo náist að klára samning áður en núverandi samningur renndur úr gildi.

Stjórn samþykkir að endurgjald vegna olíu verði ISK 29,61 kr./kg. og að gjald vegna flutningsjöfnunar verði ISK 49,06 kr./kg.

10. Umsókn ráðstöfunaraðila vegna glerumbúða

Úrvinnslusjóður hefur móttengið og yfirfarið umsókn ráðstöfunaraðila Reiling Glasrecycling GmbH & Co, vegna glers. Umsókn uppfyllir skilyrði Úrvinnslusjóðs sem mælir með því að umsókn verði samþykkt.

Stjórn samþykkir umsókn ráðstöfunaraðilans Reiling Glasrecycling GmbH & Co.

11. Önnur mál (+ mín)

Þess er óskað að stjórn verði reglulega upplýst um hvernig vindur fram vinnu starfshóps um sérstaka söfnun. Mælt er til að upplýsingagjöf verði reglulega á dagskrá stjórnar.

Ekki var fleira rætt og fundi slitið kl. 14.45

Næsti fundur verður haldinn þann 2. maí nk. kl. 8.45